

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6
108Reykjavík

Reykjavík, föstudagur 3. júní 2022
UST202205-294/G.G.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi - tjöldun - Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn Ferðafélags Íslands, dagsett 20.5.2022, um leyfi til að tjalda innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls.

Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull er friðlýstur sbr. auglýsing nr. 935/2021.

Samkvæmt 7. gr. auglýsingarinnar er fólki sem ferðast fótgangandi eða hjólandi með allan sinn farangur heimilt að tjalda hefðbundnum viðlegutjöldum til einnar nætur á skilgreindum tjaldstæðum sbr. stjórnunar- og verndaráætlun. Ef um fleiri en þrjú tjöld er að ræða eða skipulagða hópferð þarf leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Ferðafélag Íslands sækir um leyfi til að tjalda innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökul í þrjár nætur, á þremur mismunandi stöðum, dagana 14.-17. júlí 2022. Um er að ræða göngu frá Ingjaldshóli að Arnarstapa og verður gengið með allan farangur á bakinu. Hámarks fjöldi þátttakenda er 14 manns og mun einn fararstjóri leiða hópinn. Gert er ráð fyrir að tjaldað verði 8-10 tjöldum. Tjaldað verður eina nótt á Malarrífi og mun hreinlætisaðstaðan þar verða notuð. Tvær nætur verður tjaldað þar sem hreinlætisaðstaða er ekki fyrir hendi og er gert ráð fyrir að þar verði gerð hola til að nota sem salerni og gengið frá henni að morgni fyrir brottför. Áhersla verður lögð á góða umgengni og frágang á næturstöðum.

Gönguferðin er skipulögð í tilefni af útgáfu Árbókar Ferðafélags Íslands 2022 þar sem fjallað er um svæðið Undir Jökli.

Nánari lýsing á gönguleiðinni:

Á fyrsta degi er fyrirhugað að ganga inn í Eysteinsdal um þau svæði sem nýlega bættust við þjóðgarðinn en tjalda rétt við rætur Hreggnasa og Klukku.

Á öðrum degi er gengið að Gufuskálum og á Öndverðarnes, en svo um hraunið í Beruvík.

Á þriðja degi er genginn krókur í landi Hólahóla og gamla vermannagatan farin til Dritvíkur, og þaðan á Djúpalónssand og áfram með sjávarsíðunni. Við óskum eftir leyfi til að tjalda í námunda við gestastofuna á Malarrífi, og yrði þess gætt að tjöldin sæjust ekki frá þjóðveginum.

Síðasta daginn yrði svo gengið á Arnarstapa.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun telur að umrædd ferð hafi ekki áhrif á á verndargildi Þjóðgarðsins, enda verði farið að reglum hans, tilmælum Þjóðgarðsvarðar og góð umgengni höfð í fyrirrúmi. Aðrir gestir ættu ekki að verða fyrir truflun af ferðahópnum þar sem tjaldstaðir yrðu utan alfaraleiða.

Leyfishafi skal tryggja að umgengni sé góð, fara að reglum svæðisins og hafa samráð við Þjóðgarðsvörð um tjaldstaði. Með öllu er óheimilt að kveikja varðeld, raska gróðri og jarðminjum og trufla varpfugla og ábúð refa.

Tekið skal fram að sótt var um leyfi til ferðarinnar fyrir gildistöku nágildandi auglýsingar um Þjóðgarðinn Snæfellsjökul og ferðin er í tengslum við útgáfu Árbókar Ferðafélags Íslands.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ferðafélagi Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir tjöldun umrædds gönguhóps innan Þjóðgarðsins Snæfellsjökuls sbr. lýsingu hér að ofan dagana 14.-17. júlí 2022 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir ferðafólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga skal þess gætt að valda ekki raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga að verkefni loknu.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Aðstandendur viðburðarins tryggi að ekki verði skilinn eftir neinn úrgangur á víðavangi og gengið tryggilega frá lífrænum úrgangi við tjaldstaði.
- Óheimilt er að trufla dýralíf og raska gróðri og jarðminjum.
- Óheimilt er að kveikja varðeld.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst,

Jón Björnsson
Þjóðgarðsvörður

Guðbjörg Gunnarsdóttir
sérfræðingur